

## REGLUR

### um styrki til greiðslu fasteignaskatts í Blönduóssbæ skv. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

#### 1. gr.

Bæjarráði Blönduóssbæjar er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi æskulýðs- og mannúðarsamtaka sem ekki er rekin í ágóðaskyni, sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

#### 2. gr.

Rétt til styrks eiga félög og félagasamtök sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) Eru fasteignaeigendur í Blönduóssbæ.
- b) Reka starfsemi sína í húsnæðinu með lögheimili í sveitarfélaginu, sbr. 1. gr. reglna þessara, með þeim undantekningum sem greinir í 3. gr.
- c) Starfsemin skal vera mannúðar- og góðgerðarstarfsemi sem er rekin í almannaþágu eða í þágu æskulýðs.
- d) Um mannúðarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að meginstefnu til að vera unnin í sjálfboðavinnu félagsmanna og ná út fyrir raðir þeirra, s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannaheill og samfélagið.
- e) Starfsemin má ekki njóta samningsbundinna rekstrarstyrkja frá sveitarfélaginu eða ígildi þeirra.
- f) Starfsemin má ekki vera rekin í ágóðaskyni en heimilt er að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnæðisins ef þær tekjur eru eingöngu nýttar til reksturs húsnæðisins, sbr. þó 3. gr. reglna þessara.

#### 3. gr.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema 70% álagðs fasteignaskatts.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir jafnframt notaðar til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og skal þá leggja á og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Sé húsnæðið leigt út ótímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallslega sem því svarar. Ef um fleiri en einn eiganda að eign er að ræða, þar sem ekki allir uppfylla skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrðin, í samræmi við eignahluta þeirra.

#### 4. gr.

Eigendur bújarða eða útihúsa geta sótt styrki til greiðslu fasteignaskatts af útihúsum sem standa ónotuð. Leggja skal inn skriflega umsókn til sveitarfélagsins ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Bæjarráð metur umsóknir og ákveður styrkhæfni í hvert sinn. Sé umsókn metin styrkhæf fer um framkvæmd skv. 3. gr.

#### 5. gr.

Um afslátt til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega vísast til sérstakra reglna Blönduóssbæjar þar um.

6. gr.

Sækja skal um styrk til greiðslu fasteignaskatts á eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu Blönduóssbæjar og á skrifstofu sveitarfélagsins. Með umsókn um styrk skal fylgja ársreikningur sl. rekstrarárs, lög félags þar sem fram koma markmið þess og stutt greinargerð um starfsemi þess.

7. gr.

Aðila er heimilt að óska eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ef hann telur ákvörðun hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða að íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

8. gr.

Bæjarráð Blönduóssbæjar endurskoðar reglur þessar í desember ár hvert ef þurfa þykir.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Blönduóssbæjar þann 13. febrúar 2007.

*Bæjarstjórinn á Blönduósi, 14. febrúar 2007.*

**Hulda Ragnheiður Árnadóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 20. mars 2007